

**3459. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,  
27. maí 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnadóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2103152 - Aðalfundur aukaaðalfundur 2021 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**

Fundargerð aukaaðalfundar HEV frá 20. maí 2021 og samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (vegna Kjósarhrepps).

*Bæjarráð samþykkir breytta heilbrigðissamþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sem afgreidd var með jákvæðum hætti á aukaaðalfundi eigenda þann 20. maí síðastliðinn. Breytt samþykkt felur í sér að Kjósarhreppur verður hluti af starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

**3. 2101086 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021**

720. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um nýja velferðarstefnu fyrir aldraðra.

640. mál til umsagnar- tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíældis.

612. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka framboð og neyslu grænkerafæðis.

*Lagt fram.*

**2. 2104170 - Þjónustupörf leikskóla skólaárið 2021-2022**

Lögð var fram áætlun um viðbótar þjónustupörf í leikskólum fyrir starfsárið 2021 - 2022 á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. maí síðastliðinn.

Áætluninni er vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir framlagða áætlun sem felur í sér tilfærslu fjármagns á milli leikskóla en óverulega breytingu miðað við heildaráætlun ársins vegna sérkennslu. Breytingin felur í sér lækkun stöðugilda sem nemur 0,1 stöðugildi að hausti 2021 miðað við að vori 2021.*

*Samþykkt 3:0*

*Valgerður Janusdóttir vísar af fundi.*

#### 4. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar

Skipulags- og umhverfissráð lagði til á fundinum sínum þann 3. maí síðastliðinn að fyrirbyggjandi umhverfisstefna Akraneskaupstaðar verði samþykkt í bæjarstjórn Akraness.

Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 20. maí síðstliðinn.

*Bæjarráð samþykkir umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar og aðgerðaráætlun vegna tímabilsins 2021 til og með 2025.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.*

*Samþykkt 3:0*

#### 5. 2102057 - Mánaðaryfirlit 2021

Mánaðaryfirlit apríl 2021.

Kristjana Helga Ólafsdóttir kemur inn á fundinn undir þessum lið.

*Lagt fram.*

*Kristana Helga Ólafsdóttir vísar af fundi.*

#### 6. 2105139 - Jaðarsbakkar útisvæði - viðauki við fjárhagsáætlun

Áætlun vegna sláttar á æfingasvæði Jaðarsbakka féll út úr áætlun 2021 - gera þarf ráðstafanir til að mæta þeim útgjöldum en áætluð fjárþörf er um 7,5 m.kr.

RÓ vísar af fundi og tekur ekki frekari þátt í fundinum. ÓA tekur þátt í fundinum í stað RÓ.

*Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfjármagni að fjárhæð kr. 7.500.000 inn á deild 06610-4990 vegna aðkeyprtar þjónustu en liðurinn féll út við gerð áætlunar 2021.*

*Ráðstöfuninni er mætt með fjármagni af lið 20830-4990 að fjárhæð kr. 2.000.000 og með lækkun á rekstrarafgangi að fjárhæð kr. 5.500.000.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 15 að fjárhæð kr. 7.500.000 sem færast á deild 06610-4990 og er mætt með tilfærslu af deild 20830-4990 að fjárhæð kr. 2.000.000 og með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi að fjárhæð kr. 5.500.000.*

*Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

#### 7. 2103335 - Fristundamiðstöðin Garðavellir - uppgjör vegna uppbyggingar

Erindi formanns GL vegna greiðsludreifingar skuldar GL - lokauppgjör o.fl.

Pétur Ottesen formaður GL tekur þátt í fundinum undir þessum lið.

ÓA tekur þátt í afgreiðslu málsins í stað RÓ sem vikið hefur af fundi. sbr. dagskrárlíð nr. 6.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Afgreiðslu frestað.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:06.**